

Heyrnarvarnir

Phonak Serenity DP+ / DPC+

Heyrnarvarnir með virka “active” dempun og samskiptakerfi

Serenity DP+ og DPC+ heyrnarvarnirnar eru með virka (active) dempun. Kerfið metur sjálft hljóðstyrk umhverfisins og stillir dempunina með hliðsjón af honum. Kerfið dempar skaðleg hljóð samstundis niður fyrir hættumörk. Hraði kerfissins tryggir að hvell hljóð, t.d. skothvellir, dempast um leið og þau eiga sér stað. Þegar umhverfishljóð fara niður fyrir hættumörk hættir dempunin að vera virk. Notandinn er fullkomlega meðvitaður um hljóðumhverfi sitt, getur tekið þátt í samræðum og greinir öll viðvörunarhljóð án þess að fjarlægja heyrnarvörnina.

Serenity DP+ og DPC+ samanstanda af hlustarstykki (eShells) sem framleidd eru úr slitsterku næloni eftir nákvæmum mátum af eyrum viðkomandi, hlustarstykkiatengjum (earJacks™) og tengiboxi. Hlustarstykkin er hægt að fá í þremur litum: græn, blá og húðlituð.

Serenity DP+ og DPC+ henta því vel einstaklingum sem vinna við aðstæður þar sem hljóðstyrkur er sveiflukennur/breytilegur. Þær eru tilvaldar fyrir iðnaðarmenn sem þurfa að geta haft samskipti í gegnum síma eða talstöðvar og skotveiðimenn sem þurfa að dempa hávaða frá skothvellingum án þess að skerða möguleika á að greina umhverfishljóð. Þar sem það fer mjög lítið fyrir heyrnarvörnunum þá er auðvelt að nota þær með gleraugum, grímum, hjálmun og öðrum höfuðbúnaði.

Serenity DP+ og DPC+ eru tilvaldar heyrnarvarnir fyrir einstaklinga með væga heyrnarskerðingu þar sem þær geta aukið umhverfishljóðstyrk um 6 dB.

Serenity DPC+ sameinar virka heyrnarvörn og endingargott samskiptakerfi fyrir farsíma og talstöðvar. Hún hentar vel við erfið hlustunarskilyrði þar sem hljóðstyrkur er breytilegur og öryggi í samskiptum er mikilvægt, svo sem við öryggisgæslu, björgunarstörf, á skotsvæðum, flugvöllum og í iðnaði.

Serenity DP+



*Einnig hægt að nota stöðluð hlustarstykki

Serenity DPC+ (með samskiptakerfi)



HEYRÐU

Sigtúni 42- 105 Reykjavík- Sími: 561 8500
Netfang: sala@heyrdur.is- Vefur: www.heyrdur.is

PHONAK

Heyrnarvarnir

Phonak Serenity DP+ / DPC+

Heyrnarvarnir með virka "active" dempun og samskiptakerfi


Serenity DP+



- Virk (*active*) heyrnarvörn sem tekur mið af styrk umhverfishljóða
- Sjálfvirk dempun allra skaðlegra hljóða (þar með talin "skellhljóð") niður í skaðlausan hljóðstyrk í eyrum viðkomandi
- Hljóðnemar og hátalarar í báðum hlustarstykjum veita góða umhverfismeðvitund, t.d. þegar kemur að staðsetningu á varnarhljóðum
- Eðlileg heyrn í hljóðu umhverfi
- Styrkur umhverfishljóða er stillanlegur
- Snúanleg klemma á stýriboxi
- Sérsmíðuð slitsterk hlustarstykki (*eShells*) sem sitja þétt og örugglega í eyrunum, má þvo í þvottavél (upp að 60°C)
- Einkennisstafir grafnir í hlustarstykkin
- Stálkúla fyrir málmgreiningartæki (valmöguleiki)
- Gæðaeftirlit með mælingum á þéttleika og dempun
- Vegur einungis 61 gramm
- Taska og hreinsiahald fylgja

Mögulegt er að uppfæra **Serenity DP+** í önnur **Serenity** kerfi og nota áfram sérsmíðuðu hlustarstykkin (*eShells*)

Serenity DPC+ (með samskiptakerfi)



Serenity DPC+ sameinar virku heyrnarvörnina sem **Serenity DP+** hefur en býður jafnframt upp á tengingimöguleika við farsíma eða talstöðvar

- Svanaháls hljóðnemi sambyggður með *earjack™* hlustarstykkiatenginu
- Auðveld sýma- eða talstöðvarsamskipti í hávaðasömu umhverfi
- Framúrskarandi talskilningur í hávaðasömu umhverfi
- Samhæfð við flestar gerðir sýma og talstöðva
- PTT-hnappur (*Push-to-talk*) sambyggður við stýriboxið (þráðlaus PTT-hnappur er valmöguleiki)
- Samfelld vörn fyrir heyrnina á meðan á samtali stendur
- Vegur einungis 113 grömm

Einungis fyrir "**Serenity DPC+** / AC talstöð":

- Sérsmíðin lengd á hálsól og snúrum
- Sérstakt tengi fyrir talstöðvar
- Þráðlaus PTT-hnappur



HEYRÐU

Sigtúni 42- 105 Reykjavík- Sími: 561 8500
Netfang: sala@heyrdur.is- Vefur: www.heyrdur.is

PHONAK

Heyrnarvarnir

Phonak Serenity DP+ / DPC+

Heyrnarvarnir með virka "active" dempun og samskiptakerfi

Dempun

Serenity DP+ og **DPC+** heyrnarvarnirnar uppfylla staðla og samræmismat EU 8/686/EEC og eru prófaðar og vottaðar samkvæmt EN 352-7.

Fyrirfram ákveðin föst (*passive*) dempun:


Heildardempun (SNR*) = 24 dB (slökkt á virkri dempun)

Virk (*active*) dempun (háð hljóðstyrk):

H: 108 / M: 105 dB / L: 99 dB**

* Single Number Rating attenuation value

**Viðmiðunarmörk Hátíðni- (H), Miðtíðni- (M) og Lág tíðnihljóða þar sem hljóðstyrkur í hlustinni fer fyrst yfir 85 dB(A) með kveikt á virkri dempun.



CE vottun samkvæmt 89/686/EEC og EN 352-2:2002

Tæknilegar upplýsingar

Almennar upplýsingar fyrir Serenity DP+ og Serenity DPC+

Hámarks hljóðstyrkur umhverfishljóða í hlustarstykki	83 (±2) dBA í opnu rými (jafngildi)
Viðbragðs- og lausnartími	0 ms / 200 ms
Stýring á hljóðstyrk	-15 dB til +6 dB miðað við eðlilega heyrn
Rafhlaða, spenna, endingartími rafhlöðu	LR03 (AAA), 1.2 V - 1.5 V, lágmark 200 klst.
Dæmigerð orkunotkun (frá rafhlöðu)	Hefðbundin, 6 mA
Notkunarhitastig	-20°C til +60°C
IP flokkun stýribox	IP 54
Kraftur við að aftengja snúru	50 N
Kraftur til að opna öryggislæsingu	25 N
Rafsegulsviðssamhæfi (EMC)	EN 55022, EN 55024
Eldfimisstaðall og samræmismat	EN 13819-1, kafli 5.6

Til viðbótar fyrir Serenity DPC+

Merki frá talstöð	Sjálfgæfið: Mono í bæði eyru Valmöguleiki: Einhliða í hægri eða vinstra eyru
Hámarks hljóðstyrkur frá talstöð	98 (±2) dBA meðaltal í opnu rými
Svanaháls hljóðnemi	Rafmagn, stefnuvirkur, hávaðaminnkandi virkni
Hámarks hljóðstyrkur í hlustarstykki	100 dB (SPL)
Næmi hljóðnema	-44 (±3) dB re. 1 v/Pa við 1 kHz
Orkunotkun frá talstöð	Hefðbundin, 10 mA við 5 V / hámark 30 mA við 5 V
Spenna frá talstöð	2.6 V - 28 V



HEYRÐU

Sigtúni 42- 105 Reykjavík- Sími: 561 8500
Netfang: sala@heyrdur.is- Vefur: www.heyrdur.is

PHONAK